



## VÖRUDREIFING

### Eimskip Flytjandi býður upp á vörudreifingu til einstaklinga og fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu.

Vörudreifing Eimskips Flytjanda er ætluð fyrirtækjum sem gera kröfur um afhendingaröryggi og sveigjanleika. Þannig getur viðskiptavinurinn ráðið hvenær dags dreifingin fer fram og hversu margir bílar eru í útkeyrslu á hans vegum hverju sinni.

- Þjónusta Vörudreifingar Eimskips er hagkvæmur og áhugaverður kostur fyrir viðskiptavini Vöruhótelis Eimskips.
- Allir bílar sem sinna dreifingu á hitastýrðri vöru eru útbúnir fullkomnu kælikerfi. SAGA system kælivöktun í rauntíma tryggir öryggi og rekjanleika.
- Gjaldtaka hjá Vörudreifingu Eimskips Flytjanda byggir á viðkomu- og brettagjaldi eða tímagjaldi.

Einbeittu þér að sölu og þjónustu og láttu okkur sjá um dreifinguna.

Eimskipafélag Íslands var stofnað þann 17. janúar 1914. Eimskip rekur skrifstofur í 15 löndum utan Íslands og hefur á að skipa umboðsmönnum í fjölmörgum löndum. Eimskip er flutningafyrirtæki sem veitir alhliða flutningaþjónustu sem byggir á áreiðanlegu og skilvirku siglingakerfi á Norður-Atlantshafssvæðinu og frystiflutningsmiðlun um allan heim og myndar með því trausta og órjúfanlega keðju flutninga fyrir viðskiptavinum félagsins.

**Meðal þjónustu sem Eimskipafélagið veitir eru:**

- Siglingakerfi á Norður Atlantshafi sem tengir Ísland við Norður Ameríku og Evrópu
- Stórflutningar á áli, timbri, fódri og mjóli
- Heilgáma- og lausafraktsflutningar á sjó
- Vöruhótel og dreifing
- Innanbæjar- og innanlands dreifikerfi
- For- og áframflutningur erlendis
- Frysti- og kæligeymsluþjónusta
- Flutningur á frystum afurðum á brettum með frystiskípum
- Geymslur fyrir frystar afurðir á ýmsum hafnarsvæðum á Norður Atlantshafi
- Togaraafgreiðsla á Norður Atlantshafi
- Útflutnings- og tollskjalagerð
- Flugfrakt
- Búslóðaflutningar



### Morgundreifing

Morgundreifing fer fram eftir vel skipulögðu kerfi. Varan er sótt eða henni komið til Eimskips Flytjanda þar sem flokkun fer fram. Morgundreifing hefst kl. 6:00 og miðað er við að henni ljúki eigi síðar en kl. 11:00.

### Dagdreifing

Dagdreifing er valkostur fyrir viðskiptavinum Eimskips Flytjanda sem vilja aukinn sveigjanleika og kjósa að panta dreifingu eftir þörfum hverju sinni. Til að mynda er hægt að semja um ákveðinn fjölda bíla eftir dögum.

### Kvölddreifing/Næturdreifing

Fyrirtækjum býðst að semja sérstaklega við Eimskip Flytjanda um dreifingu á kvöldin, nóttunni og um helgar. Þá er vörunni komið til Eimskips eða hún sótt til sendanda. Vörum í kvölddreifingu er dreift eftir kl. 17.00 bæði til heimila og fyrirtækja.

Vörudreifingin flytur allt að 1.000 sendingar á dag og sér um að koma þeim til viðtakenda víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. Dreifingarstjórar sjá um mismunandi þætti starfseminnar og nýta til þess SHORTREK verkefnastýringu og SAGA system flotastýringarkerfi.

Frekari upplýsingar eru veittar í síma 525 7700 eða sendið fyrirspurnir á netfangið [akstur@eimskip.is](mailto:akstur@eimskip.is)